

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeyndur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi skulu greiða leyfisgjald skv. 13. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. 966/2015 og 12. gr. samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmsbæ á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 4/2020.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund skal vera kr. 20.200 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött skal vera kr. 6.300 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins. Gjald dagi er 1. október og eindagi 30. október. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

#### 3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá sveitarfélaginu fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

#### 4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda skal vera kr. 26.550. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 11.870 fyrir 1. skipti, kr. 17.740 fyrir 2. skipti og kr. 23.740 fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið vera eins og fyrir skráða hunda kr. 11.870.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti skal vera kr. 26.550.

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

#### 5. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. 966/2015 og samþykkt um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmsbæ á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 4/2020. Gjaldskráin öðlast gildi við

Nr. 1484

15. desember 2023

birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1562/2022 fyrir hunda og kattahald í sameinuðu sveitarfélagi Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.  
Staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms 14. desember 2023.

*Stykkishólmi, 15. desember 2023.*

**Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 22. desember 2023